

Mánudaginn 4. mars 1974.

Nr. 148/1973: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Friðriki Sigfússyni**

(Logi Guðbrandsson hrl.).

**Dómendur:**

hæstaréttardómarmennir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhalds-próf í máli þessu og vitni verið yfirheyrð.

Jóhanna Jónsdóttir verkakona, Brekkugötu 37 á Akureyri, skýrir svo frá, að þriðjudagskvöldið 18. apríl 1972, kvöldið áður en atburður sá varð, er mál þetta er risið af, hafi ákærði verið mjög drukkinn. Hann hafi þá um kvöldið nokkru eftir miðnætti farið með henni og systur hennar heim til þeirra og gist þar um nóttina. Næsta morgun hafi hann svo ekið systur hennar til vinnu. Segist Jóhanna þá ekki hafa séð „bein áfengisáhrif“ á ákærða, en hann hafi „verið greinilega tímbraður“. Um klukkan 0830 morgun þennan, er ákærði kom aftur heim til hennar eftir ökuóhappið, kveðst hún hafa séð greinileg áfengisáhrif á honum og segist vera viss um, að hann hafi neytt áfengis, eftir að hann fór heiman að frá henni um morguninn.

Lögreglumenn þeir, Þorsteinn Hallfreðsson og Ingimar Skjöldal, er færðu ákærða á lögreglustöðina, og Gunnar Randversson, sem yfirheyrði hann þar, kveða skýrslur sínar í máli þessu réttar. Ingimar Skjöldal segir sér strax hafa orðið ljóst, er hann sá ákærða í sjúkrahúsinu, að hann væri undir áfengisáhrifum, og Þorsteinn Hallfreðsson kveður ákærða hafa verið greinilega þannig á sig kominn. Gunnar Randversson ber, að útlit ákærða hafi bent til þess, að um áfengisneyslu

gæti hafa verið að ræða hjá honum, og öndunarsýni hafi gefið það til kynna.

Af því, sem nú hefur verið rakið, og með skírskotun til héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málflytningislaun skipaðs verjanda síns, kr. 15.000.00.

Aðfinnsluvert er, að héraðsdómari hefur látið undir höfuð leggjast, að vitni staðfestu vætti sín með eiði eða drengskaparheiti.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Friðrik Sigfússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málflytningislaun verjanda síns, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Akureyrar 5. janúar 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur saksóknari ríkisins höfðað með ákæru, útgefinni 21. ágúst 1972, á hendur Friðriki Sigfússyni sjómanni, Brekkugötu 32, Akureyri, fæddum 14. september 1950 á Akureyri, fyrir að aka miðvikudaginn 19. apríl 1972 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 2344 frá Brekkugötu 37 á Akureyri að Spítalavegi 15 og þaðan áfram götuna og aka þá svo óvarlega, að bifreiðin hafnaði á steinvegg skammt norðan við gatnamót Lækjargötu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45 gr. áfengisлага nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þeir, að miðvikudaginn 19. apríl 1972, klukkan 0730, var tilkynnt símleiðis á lögreglustöðina á Akureyri, að bif-

reiðinni A 2344 hefði verið ekið á steinvegg neðst í Spítalavegi skammt norðan við Lækjargötu.

Skömmu síðar hringdi Friðrik Sigfússon, ákærði í máli þessu, einnig á lögreglustöðina og kvaðst vera staddur á sjúkrahúsinu, en þangað hefði hann farið með Lúðvík Magnússon, sem verið hefði farþegi í framangreindri bifreið, er henni var ekið á steinvegginn, en sjálfur kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni.

Lögreglumenn fóru að skoða vettvang og einnig að sjúkrahúsinu og höfðu tal af ákærða. Virtist þeim þá útlit ákærða benda til þess, að hann hefði neytt áfengis. Enn fremur staðfesti öndunarsýni, að svo hefði verið. Var ákærði því handtekinn og fluttur á lögregluvarðstofuna, þar sem tekið var úr honum blóðsýnishorn, sem við rannsókn reyndist innihalda 0.73 % af alkóhóli.

Þegar eftir handtökuna var tekin lögregluskýrsla af ákærða. Einnig þann 21. apríl 1972 mætti ákærði aftur til yfirheyrslu hjá lögreglu. Skýrði ákærði svo frá, að hann hefði umræddan morgun, um klukkan 0300, ekið bifreiðinni A 2344 suður Spítalaveg og hefði farþegi, Lúðvík Magnússon, setið í framsæti. Taldi ákærði, að ökuhraðinn hefði verið innan við leyfilegan hámarkshraða (35 km miðað við klst). Ákærði kvaðst hafa misst vald á bifreiðinni, er hann kom neðarlega í Spítalaveginn, með þeim afleiðingum, að framendi bifreiðarinnar lenti á steinsteyptum vegg vestan götunnar. Síðan hefði bifreiðin snúist til og slegið afturendanum í vegginn og stöðvast þannig. Ekki kvaðst ákærði gera sér grein fyrir ástæðu þess, að hann missti vald á bifreiðinni, en áleit, að bifreiðin hefði skrikað til í lausamöl, er hann steig á hemla. Ákærði kvað farþega sinn, Lúðvík, hafa lent með vinstra hné á mælaborðinu við áreksturinn og skorist nokkuð og einnig fengið skrámur á enni.

Ákærði viðurkenndi að hafa neytt áfengis kvöldið áður til klukkan 2200, ca. 1/2 flösku af Vodka, og þá verið nokkuð drukkin. Hann neitaði því hins vegar að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Farþegi ákærða, Lúðvík Magnússon, fæddur 3. apríl 1943, var yfirheyrður af lögreglu þann 23. apríl 1972. Skýrði hann eins frá atvikum og ákærði.

Hann kvaðst ekkert hafa séð athugasvert í fari ákærða og ekki gera sér grein fyrir ástæðu þess, að hann missti vald á bifreiðinni.

Þann 27. júlí 1972 kom ákærði fyrir dóm og skýrði þá svo frá, að hann hefði í umrætt sinn tekið bifreiðina til aksturs við Brekkugötu 37 og ekið þaðan rակleitt að Spítalavegi 15. Á Eyrarlandsvegi

hefði hann mætt Lúðvík Magnússyni og tekið hann upp í bifreiðina. Hann kvaðst strax hafa haldið frá Spítalavegi 15 áfram þá götu, þar til bifreiðin rakst á steinvegginn. Ákærði skýrði á sama veg frá árekstrinum og áfengisneyslu sinni og fyrir lögreglunni. Hann ítrekaði neitun sína um að hafa fundið til áfengisáhrifa.

Útliti og einkennum ákærða lýsir lögreglan svo í lögregluskýrslu, að af honum hafi verið lítils háttar áfengisþefur, andlit þrútið og augu rauð. Jafnvægi hins vegar stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Með eigin framburði ákærða um akstur sinn og áfengisneyslu svo og niðurstöðu blóðrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir brot ákærða nægjanlega sannað, eins og því er í ákæru lýst, og varðar það við þar greind lagaákvæði.

Ákærði hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1966 5/1 á Akureyri: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengisлага og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 15/4 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 26/8 á Akureyri: 400 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 26/8 á Akureyri: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 31/8 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1966 16/11 á Akureyri: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 106. gr. hegningarlaga.
- 1967 28/9 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1967 9/11 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага og 7. gr. lögreglusamþykktar.
- 1968 29/5 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar. Greiði skaðabætur kr. 270.00.
- 1968 29/10 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1969 10/1 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.
- 1969 11/2 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

- 1969 2/10 á Akureyri: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 4 mánuði frá 2. október 1969.
- 1971 30/3 á Akureyri: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga og 257. gr. sömu laga.
- 1971 9/6 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.

Með vísan til refsigreina þeirra, er í ákæru greinir, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Með vísan til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að dæma ákærða til ævilangrar ökuleyfissviptingar frá 27. júlí 1972 að telja, en þá var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

#### Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Sigfússon, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 27. júlí 1972 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---